

# Lokaskýrsla þátttöku Íslands á Heimssýningunni EXPO 2010



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ





## Inngangur

Íslenski skálinn og þátttaka Íslands á heimssýningunni 2010 vakti mikla athygi í Kína. Alls skráði þátttakan um 368 fjöldiðlaumfjallanir í Kína og á alþjóðavettvangi sem komu til í kjölfar viðtala eða efnis sem þátttakan lagði til. Umfjöllunin beindist sérstaklega að sjálfbærri orkuframleiðslu, íslensku hugviti og ferðamannalandinu Íslandi, athyglinni var þannig beint frá neikvæðri umfjöllun um efnahagsmál og eldgos.

Fjöldi íslenskra fyrirtækja sýndi verkefninu áhuga, nýtti sér þjónustu þátttökunnar og þá athygli sem verkefninu fylgdi. Átta fyrirtæki voru formlegir styrktaraðilar þátttökunnar: Geysir Green Energy, Orkuveitan, Landsvirkjun, Icelandair, Faxaflóahafnir, Bláa lónið, Iceland Spring og Huawei. Fyrirtæki og stofnanir gerðust samstarfsaðilar og lögðu verkefninu til vörur, þjónustu eða búnað á vildarkjörum s.s. Andersen og Lauth, Latibær, Ferðamálastofa, 66° Norður, Rayfont Hotels, Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar og Brugghúsið Ölvisholti. Þá nýttu tæplega 78 viðskiptaaðilar sér þjónustu skálans til að afla viðskipta í Kína eða efla viðskiptasambönd s.s. Össur stoðtæki, Nordic Water, Höfuðborgarstofa, Harpa tónlistarhús, Kynnisferðir, Bakkavör, Reykjavík Geothermal og Batteríið arkitektastofa.

Forseti Íslands, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra heimsóttu sýninguna auk formanns borgarráðs. Heimsóknirnar höfðu þann tilgang m.a. að styrkja pólitísk samskipti landanna, fara fyrir fjölmennum viðskiptasendinefndum frá Íslandi og koma á framfæri þekkingu í velferðarmálum og orkuframleiðslu. Á meðan á sýningunni stóð var rekin aðalræðisskrifstofa í Sjanghai, en í borginni er bæði stærsta Íslendingasamfélag í Asíu og ein stærsta íslenska viðskiptamiðstöðin utan Evrópu.

Íslenski skálinn var opinn í rúmlega 6 mánuði, frá lokum apríl til og með október 2010. Á þeim tíma heimsóttu 2,3 milljónir manna skálann.



## EXPO 2010

Heimssýningar eru haldnar á fimm ára fresti og þar sýna þjóðir umheiminum það besta og nýjasta sem þær hafa upp á að bjóða á sviði vísinda, menningar, viðskipta o.s.frv. Þær eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir þjóðir til að byggja upp ímynd sína.

Yfirskrift EXPO 2010, sem haldin var í Sjanghæ, Kína, var "Betri borg – betra líf". Lögð var áhersla á að skoða vandamál borgarsamfélaga nú þegar rúmlega helmingur jarðarbúa býr í borgum. Alls voru þátttökubjóðir 189 ásamt u.p.b. 60 alþjóðastofnunum. Á sýningunni kynntu þjóðir menningu sína og atvinnulíf. Sýningin var haldin á 5,28 ferkilómetra svæði í hjarta Sjanghæ og stóð yfir í 6 mánuði frá 1. maí 2010 til 31. október 2010.

Á sýningartímanum var tekið á móti 73 milljónum gesta eða tæplega 400.000 gestum á dag. Kínverska ríkisstjórnin og borgaryfirvöld í Sjanghæ gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að Heimssýningin 2010 yrði sú veglegasta hingað til, bæði hvað varðar fjölda þátttakenda og gesta og glæsileika sýningarsvæðisins. Heildarkostnaður kínverska ríkisins vegna verkefnisins er áætlaður um 500 milljarðar iskr. auk um 6.200 milljarða iskr. í uppbyggingu borgarinnar og samgangna sem tengjast sýningunni.





# Íslenska þátttakan

Á heimssýningunni lagði Ísland fyrst og fremst áherslu á orku- og ferðamál og skapandi greinar undir yfirskriftinni "Hrein orka – heilbrigtr líferni". Að auki var leitast við að skapa grundvöll fyrir íslensk fyrirtæki til að afla sér tengsla, upplýsinga og viðskiptasambanda í Kína og kynna íslenska menningu og stofnanir. Einnig var talið mikilvægt að bregðast við aukinni neikvæðri umfjöllun í Kína og á alþjóðavettvangi í kjölfar efnahagsástandsins og eldgosa.

## Markmið þátttökunnar voru að:

- Styrkja tengsl Íslands og Kína.
- Efla viðskiptatengsl milli landanna.
- Svara neikvæðri umfjöllun í kjölfar bankahruns og eldgosa.
- Auka áhuga kínverskra ferðamanna á Íslandi.
- Fræða Kínverja um Ísland, menningu þess og viðskiptalíf.

## Íslenski skálinn og heimssýningin í tölum:

73 milljónir gesta heimsóttu EXPO 2010  
2,3 milljónir gesta heimsóttu íslenska skálann  
198 beiðnir um viðskiptaþjónustu voru afgreiddar  
305 milljóna kostnaður við íslensku þátttökuna  
15 mínútur horfði hver gestur á kynningarmynd um Ísland  
81 skipulögð skoðunarferð um EXPO fyrir íslensk fyrirtæki og viðskiptavini þeirra  
78 viðskiptaaðilar og stofnanir nýttu þjónustu EXPO-þátttökunnar  
21 fundur í viðskiptamiðstöð íslenska skálans  
4 blaðamannafundir þar sem Ísland og íslensk hagsmunamál voru kynnt  
368 skráðar fréttir um íslensku þátttökuna í kínverskum og alþjóðlegum fjölmöldum  
408 m.kr. eru áætlað andvirði jákvæðrar fjölmíðlaumfjöllunar um Ísland  
2 viðskiptasendinefndir í tengslum við þátttökuna frá Íslandi  
2 sendinefndir frá Kína til Íslands í tengslum við þátttökuna  
1 stór orkuráðstefna í íslenska skálanum



## Skipulag

Ríkisstjórn Íslands tók ákvörðun um þátttöku í Heimssýningunni EXPO 2010 hinn 11. janúar 2008. Þá var ákveðið að leigja 1.000 fm skála og kostnaður var áætlaður 620 m.kr. Eftir að aðstæður höfðu breyst í kjölfar bankahruns, var ákveðið að endurskoða áætlunar um þáttökuna með það fyrir augum að kostnaður færi ekki umfram 210 m.kr. eða u.p.b. þriðjung af upphaflegri áætlun. Liður í þeiri hagræðingu var að minnka skálann úr 1000 fm í 500 fm. Miðað við fjárlagagengi 2008 var framlag ríkisins 140 m.kr. og framlag styrktaraðila 70 m.kr.

Hönnunarsamkeppni var haldin um mitt ár 2008 og voru tillögur metnar á grundvelli frumleika og notagildis, einnig tók dómnefnd tillit til þema Heimssýningarinnar í Sjanghæ 2010 (Betri borg – betra líf), kostnaðar, gestafjölda og uppsetningar.

Tillaga frá Plús Arkitektum og Saga Film var valin til frekari þróunar. Páll Hjaltason arkitekt frá Plús Arkitektum var tilnefndur sem aðalhönnuður og listrænn stjórnandi íslenska skálans á EXPO og Magnús Viðar Sigurðsson sem verkefnisstjóri fyrir hönd Saga Film.

Verkefninu stýrði fimm manna framkvæmdastjórn skipuð Pétri Ásgeirssyni (formanni), Martin Eyjólfssyni og Júlíusi Hafstein frá utanríkisráðuneytinu, Jóni Ásbergssyni frá Útflutningsráði og Óskari Valdimarssyni frá Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hreinn Pálsson, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, var framkvæmdastjóri yfir verkefninu og starfaði í umboði framkvæmdastjórnar. Hann sinnti einnig störfum forsvarsmanns Íslands gagnvart EXPO 2010 og störfum aðalræðismanns Íslands í Sjanghæ meðan á sýningunni stóð.


Til að tryggja hlutdeild hagsmuna- og styrktaraðila var settur á fót samráðshópur sem var framkvæmdastjórn til ráðgjafar. Alls áttu um 20 aðilar sæti í þessum hópi, þar á meðal Kínversk íslenska verslunarráðið, menntamálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Hönnunarmiðstöð, SÍM, Icelandair, Geysir Green Energy, Landsvirkjun, Orkuveitan, Faxaflóahafnir, Blá lónið o.fl (stafróf).

Mikilvægt reyndist að fyrirtæki og einkaaðilar áttu aðkomu að verkefninu. Álit og ráðleggingar þeirra voru mikilvægur þáttur í að tryggja að þátttakan þjónaði því hlutverki að styðja við viðskipti milli Íslands og Kína.

Ákváðið var að þema íslensku þáttökunnar skyldi vera "Hrein orka – heilbrigrt lífneri". Undir þessu þema var sérstök áhersla lögð á að kynna sjálfbæra orkuframleiðslu, áfangastaðinn Ísland og skapandi greinar.



# Skipurit íslensku þáttökunnar í EXPO 2010





## Framkvæmdir

Íslenski skálinn á heimssýningunni EXPO 2010 var leigður af kínverskum skipuleggjendum heimssýningarinnar á hagstæðum kjörum, í ljósi aðstæðna á Íslandi. Byggingin var stálgindarhús sem afhent var íslensku þáttökunni tilbúið undir tréverk. Verklegar framkvæmdir fólu því í sér að laga skálann að tillögu Plús Arkitekta og Saga Film sem þróuð hafði verði frekar með framkvæmdastjórn og samráðshópi.

Sumarið 2009 fór fram forval þar sem valið var á milli kínveskra verktaka sem viðurkenndir voru af skipuleggjendum sýningarinnar og þeim gefinn kostur á að bjóða í verkið. Alls bárust 6 tilboð í og með hliðsjón af verði, reynslu og mati á hæfni fyrirtækjanna var gengið að lægsta tilboði frá kínverska verktaganum China Jiangsu International Economic and Technical Cooperation Group. Sá verktaki byggði einnig skála Rússlands, Belgíu / ESB, Austurríkis og Sádi-Arabíu á heimssýningunni 2010. Samstarfið við verktakann gekk vonum framar og fyrirtækið án efa einn mikilvægasti samstarfaðili íslensku þáttökunnar.

Verklegar framkvæmdir hófust í september 2009. Á útveggi voru settar upp grindur og á þær strengdur veðurþolinna hálfgagnsær dúkur með áprentaðri mynd. Bakvið dúkinn voru sett upp 144 díóðuljós (LED-ljós).

Við inngang var reistur veggur með tveimur tvöföldum dyrum, klæddum krossviði að innan og steinplötum að utan. Framhlið skálans var klædd með 3 cm þykku grágrýti sem flutt var ásamt öðrum búnaði frá Íslandi. Loft við inngang var klætt með svörtum álplötum og komið fyrir innfelldum hátolurum og ljósum. Á framhlið voru settir upp glerveggir, og bakvið þá var komið fyrir átta flatskjám.

Samið var við Anhui Media Science & Technology Development Co., Ltd. um leigu og uppsetningu á sýningartjöldum í aðalsal skálans. Tjöldin voru strengd á stálgind sem þakti allar fjórar hliðar sýningarrýmisins. Falskt loft var smíðað úr gifsplötum og sett upp í aðalsal skálans. Saga Film sá um uppsetningu á sýningarbúnaði í samstarfi við tölvudeild utanríkisráðuneytisins.

Framkvæmdum við skálann lauk á áætlun um miðjan apríl 2010 og var skálinn formlega opnaður almenningi hinn 1. maí 2010 á setningardegi sýningarinnar. Þess má geta að íslenski skálinn var einn af fáum sem voru tilbúnir í tæka tíð til að geta tekið þátt í svokallaðri “soft opening” sýningarinnar sem fram fór síðstu vikuna í apríl.



Eftir að sýningunni lauk formlega hinn 31. október 2010 hófst samantekt og niðurrif. Samantekt þ.m.t. tollafgreiðslu og pökkun var sinnt af 6 starfsmönnum íslensku þátttökunnar og lauk 20. nóvember. Aðalverktaki íslenska skálans, China Jiangsu International Economic and Technical Cooperation Group, tók við skálanum 20. nóvember og sá um niðurrif á innviðum og ytra byrði skálans. Anhui Media Science & Technology Development Co., Ltd fjarlægði sýningartjöld og stálgrind. Niðurrifum lauk 21. desember 2010 og var skálanum formlega skilað til leigusala í sinni upprunalegu mynd 24. desember 2010.





## Skálinn

Hönnun íslenska skálans miðaðist við um 500 fermetra gólfhlöt sem skiptist í fjögur meginrými: anddyri, aðalsal, viðskiptamiðstöð og þjónusturými. Einnig gegndi ytra byrði skálans mikilvægu hlutverki í hönnun og útliti sýningarinnar.

*Ytra byrði:*

Hugmyndin að ytra útliti skálans var að sýna ljósmynd af bráðnandi jökulís og vísa til lausna Íslands á sviði sjálfbærrar orkuframleiðslu og til nafns Íslands á kínversku – Bing Dao (ísl eyjan). Ljósmyndin var eftir Ragnar Axelsson og unnin af Ámundi Jónssyni grafískum hönnuði.

Myndin var prentuð á dúk sem var baklýstur með 144 LED-ljósum að kvöldlagi, lýsingin dró fram þau stórbrottu mynstur sem finna má í ævafornum jökulísnum auk þess að gera skálann sýnilegri. Á fram- og afturhlið skálans var nafn Íslands skrifð á ensku og með kínverskum táknum, tákni voru dregin af H.E. Wang Ronghua, fyrrverandi sendiherra Kína á Íslandi.

Framan við innganginn var gert ráð fyrir svæði fyrir biðröð, þar voru útveggir klæddir með íslensku grágrýti og komið fyrir átta LED-sjónvarpsskjám sem sýndu myndbrot um náttúru, menningu, borgarlíf og efnahag Íslands.

Ísmyndin, tákni og grágrýtið vöktu mikla athygli gesta og fjölmiðla og var mikilvægur þáttur í vinsældum skálans.





### *Anddyri og sýning:*

Í íslenska skálanum var sýnd 15 mínútna löng mynd um ferð vatnsins gegnum íslenska náttúru og borg. Nýttir voru 12 skjávarpar til að varpa myndinni á sýningartjöld á öllum fjórum veggjum og lofti sýningarrýmisins. Undir var spilað tónverk Hilmars Arnar Hilmarssonar, sem blandaði saman tónlist og náttúruhljóðum. Finnbogi Pétursson annaðist hljóðútsetningu í skálanum.

Gestum var hleypt inn í skálann í 220 til 250 manna hópum á 15 mínútna fresti. Á leið sinni inn og út gengu gestir í gegnum anddyri, þar sem þeir voru boðnir velkomnir og kvaddir af starfsfólk skálans. Anddyrinu var skipt upp í tvö aðskilin rými með tjöldum, unnum úr hálf gagnsæju efni skreyttu með myndefni úr Konungsbók Eddukvæða. Á veggjum voru LED-ljósaskilti, framleidd af íslensku fyrirtæki í Kína, þar voru gestir boðnir velkomnir og þakkað fyrir komuna í skálann auk þess sem vörumerkjum styrktaraðila skálans var þar komið á framfæri. Starfsmenn klæddust fatnaði völdum af Steinunni Sigurðardóttur sem framleiddur var af fyrirtækjunum 66° Norður og Andersen og Lauth.

Leitast var við að skapa andrúmsloft í skálanum sem líktist því sem fyrirfinnst á Íslandi. Var það gert með því að kæla loftið í skálanum meira en gengur og gerist, lækka rakastig og reynt var að nýta íslensk fjallagrös til að gefa skálanum keim íslenskrar náttúru.





### Viðskiptamiðstöð:

Í íslenska skálanum var starfrækt viðskiptamiðstöð og viðskiptaþjónusta. Í viðskiptamiðstöðinni var skrifstofu-, fundar- og sýningaraðstaða fyrir íslensk fyrirtæki sem vildu nýta sér skálann til að kynna starfsemi sína og efla tengsl sín í Kína.

Miðstöðin tók allt að 30 manns í sæti og þar var til staðar tæknibúnaður til fundahalda s.s. skjávarpi, hljóðkerfi o.fl. Við innréttigar í viðskiptamiðstöð var eins og annars staðar í íslenska skálanum notast við íslenska hönnun, list og hugvit eins og kostur var. Gluggatjöld voru myndskreytt með efni úr Konungsbók Eddukvæða, húsgögn voru hönnuð af Go Form og málverk Guðrúnar Einarsdóttur og Guðrúnar Kristjánsdóttur prýddu veggi. Kynningarrefni um íslenska list og hönnun lá frammi í miðstöðinni.

### Önnur svæði:

Þjónustu- og starfsmannarými voru takmörkuð. Um 10 fermetra skrifstofa var í skálanum þar sem 5 til 6 starfsmenn unnu að jafnaði. Um 5 fermetra eldhúskrókur var aðgengilegur starfsmönnum en þjónustaði einnig viðskiptamiðstöð, Litlum setkróki með tveimur stólum og borði var komið fyrir undir stiga og sturtuklefni settur upp í baðherbergi. Önnur laus rými í skálanum voru nýtt sem geymslur eða tæknirými.

Þar sem íslenski skálinn var leiguskáli voru því takmörk sett hversu mikið var hægt að breyta rýminu. Það fékkst þó samþykkt að bæta við anddyri á jarðhæð og viðskiptamiðstöð á hæðinni þar fyrir ofan. Nokkur atriði gengu ekki eftir eins og til stóð, má þar nefna að skilvirk dreifikerfi fannst ekki fyrir fjallagrasalykt, lýsing á öðrum hliðum en framhlið utan á skála var ekki í samræmi við væntingar og hugmyndir um biðrök og flæði inn í skálann urðu að taka breytingum í samræmi við breyttar þarfir og fjölda gesta.





# Tengsl Íslands og Kína

Kínversk stjórnvöld lögðu ríka áherslu á að vinabjóðir Kína tækju þátt í sýningunni. Hagsmunir Íslands og stuðningur Kínverja voru lögð til grundvallar í ákvörðun um þátttöku. Meðal hagsmuna Íslands gagnvart Kína á þessum tíma má nefna vinnu við fríverslunarsamning, stuðning Kína við málstað Íslands innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gjaldeyrisskiptasamning milli seðlabanka bjóðanna, samstarf á sviði orkumála, vaxandi markað fyrir íslenskar vörur og aukin umsvif íslenskra fyrirtækja.

Aðalræðissskrifstofa var opnuð í Sjanghæ í tengslum við íslensku þátttökuna í EXPO. Fjórir starfsmenn þátttökunnar sinntu einnig verkefnum ræðissskrifstofunnar og greiddu götu íslenskra fyrirtækja, stjórnvalda og einstaklinga í Sjanghæ. Aðalræðissskrifstofan reyndist mikilvægur samskiptavettvangur gagnvart stjórnvöldum í Sjanghæ og nágrannahéruðum sem féllu undir umdæmi skrifstofunnar, m.a. voru skipulagðar opinberar sendinefndir til Íslands frá Jiangsu-héraði. Ljóst er að sú ráðstöfun að gera framkvæmdastjóra þátttökunnar að aðalræðismanni í Sjanghæ hafði verulega þýðingu fyrir þann árángur sem náðist með þátttöku Íslands í EXPO.

Í tengslum við heimsókn forseta, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra fóru fram fundir með fulltrúum kínverskra stjórnvalda og fyrirtækja sem miðuðu að því að kynna hagsmuni Íslands og starfsemi íslenskra fyrirtækja. Í tengslum við heimsókn forseta áttu sér t.d. stað fundir á EXPO svæðinu með landbúnaðarráðherra Kína, en undir hann heyrir sjávarútvegur, og vara-aðalritara orkumálaskrifstofu Kína, hæsta stjórnvaldi orkumála í Kína.

Á meðan á sýningunni stóð gafst fjöldi tækifæra til að ræða við áhrifamenn í kínverska stjórnkerfinu um hagsmunamál Íslands. Alls voru um 75 heimsóknir ráðherra, vararáðherra, borgar- og fylkisstjóra, forstöðumanna stofnana, forstjóra ríkisfyrirtækja, þingforseta o.fl. í íslenska skálann. Reynt var að nýta þessi tækifæri til að fræða þessa háttsettum gesti um hagsmunamál Íslands, menningu, náttúru og viðskipti. Sérstaklega voru ræktuð tengsl við Sinopec og dótturfyrirtæki þess, en Sinopec er eitt stærsta orkuþingfyrirtæki Kína og samstarfsaðili íslenskra fyrirtækja í jarðhitaverkefnum þar í landi.

Í skálanum gafst einnig tækifæri til að ræða hagsmunamál Íslands við alþjóðlega ráðamenn, ráðherra, þingmenn og aðra leiðtoga. Meðal þeirra sem heimsóttu skálann voru um 25 þjóðarleiðtogar og ráðherrar frá ýmsum löndum s.s. meðlimir konungsfjölskyldna Norðurlandanna, efnahagsmálaráðherra Finnlands, utanríkisráðherra Eistlands, Evrópumálaráðherra Tékklands, fylkisstjórar frá Tyrklandi og Írski utanríkisviðskiptaráðherrann, svo eitthvað sé nefnt.

**Um 100 ráðherrar, þingmenn og aðrir leiðtoga frá Kína og víðsvegar að úr heiminum heimsóttu skálann og fengu upplýsingar um Ísland og íslensk hagsmunamál.**



## Viðskipti

Þrátt fyrir aðstæður í íslensku viðskiptalífi við upphaf verkefnisins voru talsverðar væntingar frá viðskiptaaðilum til íslensku þáttökunnar. Voru þær ræddar meðal hlutaðeigandi aðila áður en sýningin var opnuð og reynt að skipuleggja skálann og þá þjónustu sam þar yrði í boði í samræmi við það. Frá upphafi var ákveðið að sérstakur viðskiptafulltrúi yrði starfandi við skálann til að þjónusta fyrirtæki, einnig var m.a. boðið upp á dreifingu kynningarrefnis til gesta, gerð greiningarskýrslna, skipulagningu funda milli viðskiptaaðila, tengslamyndun, milligöngu gagnvart stjórnvöldum, kynningarviðburði og almenna upplýsingagjöf. Framboð á þjónustu jókst þó jafnt og þétt á sýningartímanum, má þar t.d. nefna skipulagðar skoðunarferðir um sýningarsvæðið fyrir viðskiptavini íslenskra fyrirtækja og útselda þjónustu ráðgjafa og þýðenda til fulltrúa fyrirtækja sem sóttu fundi með kínverskum viðskiptaaðilum.

Fjöldi þeirra fyrirtækja sem ýmist störfuðu með íslensku þáttökunni á EXPO eða lýstu yfir áhuga á samstarfi jókst jöfnum fetum samfara auknu þjónustuframboði. Í ársbyrjun 2010 voru 28 fyrirtæki í samstarfi og samskiptum við þáttökuna. Við upphaf sýningarinnar í maí sama ár var sú samantekt endurbætt og bætt við stofnunum og listamönnum sem tengdust verkefninu. Taldi listinn þá 45 aðila. Listinn var aftur uppfærður í júní í tengslum við komu sendinefndar og heimsóknar iðnaðarráðherra og taldi hann þá 60 fyriræki. Í september þegar Íslandsdagurinn á EXPO var haldinn og forseti Íslands kom í heimsókn ásamt viðskiptasendinefnd var listinn kominn upp í 78 fyrirtæki, stofnanir og listamenn.

Á EXPO er lögð áhersla á aðkomu fyrirtækja og stofnana að skálunum, einkum með því að þau hefðu kost á að nýta aðstöðu og athygli til fundahalda, kynninga og hverskonar annarra viðburða. Í ljósi efnahagsþrenginga sem gengu yfir Ísland í aðdraganda sýningarinnar var ljóst að erfiðara yrði fyrir fyrirtæki og stofnanir að nýta sér þessa aðstöðu. Þrátt fyrir það voru í íslenska skálanum haldin 150 manna ráðstefna um orkumál, 81 skipulögð heimsókn gesta íslenskra fyrirtækja, 21 fundur íslenskra fyrirtækja með kínverskum viðskiptaaðilum, þrjú námskeið á vegum fyrirtækja, sex formlegar móttökur, fimm formlegir hádegisverðarfundir og einn stór fyrilestrarfundur.




Íslandsstofa skipulagði tvær sendinefndir í tengslum við þáttöku Íslands í EXPO. Sú fyrri var í tengslum við heimsókn iðnaðarráðherra í júní. Sú síðari var heimsókn ýmissa fyrirtækja í september í tengslum við heimsókn forseta. Samstarf íslensku þáttökunnar og Íslandsstofu gekk mjög vel í alla staði.

Í aðdraganda heimsókna sendinefndanna fór fram vinna við að boða kínversk fyrirtæki á fundi með íslensku fyrirtækjunum. Í fyrra skiptið fóru þeir fundir allir fram sama dag á sama stað, þ.e.a.s. 17. júní í Nordic Lighthouse, samnorrænni menningarmiðstöð í Sjanghai. Ákveðið var að utanaðkomandi ráðgjafarfyrirtæki yrði fengið til að boða kínversk fyrirtæki á staðinn. Þátttaka á þessum fundum var nokkuð undir væntingum.

Í september var ákveðið að sendinefndin mundi fara á fundi í höfuðstöðvum kínversku fyrirtækjanna og fá þannig um leið betri innsýn í fyrirtækin, til fundanna var boðað af aðalræðisskrifstofunni í Sjanghai sem einnig lagði til aðstoðarfólk fyrir fyrirtækin. Þótti þetta fyrirkomulag gefast mun betur og lýstu íslensku fyrirtækin ánægju sinni í skoðanakönnun sem fram fór í kjölfarið.

Tengslamyndun á viðskiptasviði fyrir íslensk fyrirtæki var ekki síður mikilvægt verkefni fyrir íslensku þáttökuna og þá sem nýttu þjónustu hennar. Þeir viðskiptaaðilar sem leituðu til íslensku þáttökunnar áttu samskipti við rúmlega 90 kínversk fyrirtæki á meðan á EXPO stóð.

#### Viðskiptaþjónustubeiðnir til íslensku þáttökunnar





# Almannatengsl

Íslenski skálinn á heimssýningunni í Sjanghæ naut mikillar athygli kínverskra fjölmiðla frá upphafi verkefnisins. Í fyrstu veltu fjölmiðlar aðallega fyrir sér þáttöku Íslands í ljósi fjárhagsstöðu íslenska ríkisins en fljótegla fór að bera á almennum áhuga á íslenska skálanum, þema hans og hönnun. Örfáum vikum fyrir opnun sýningarinnar hinn 1. maí 2010 fór að gjósa í Eyjafjallajökli sem varð til þess að áhugi fjölmiðla á landi og þjóð óx enn frekar sem sýndi sig í tugum umfjallana um íslenska skálann í kínversku sjónvarpi, blöðum og vefmiðlum í apríl 2010. Leitast var við að draga upp aðra mynd af landinu en þá sem mótaðist af efnahagsþrengingum og náttúruhamförum.

Í apríl 2010 stóðu Norðurlöndin fyrir sameiginlegri kynningu á þáttöku ríkjanna í EXPO 2010 fyrir kínverska ráðamenn og fjölmiðla í Peking. Tilgangurinn var bæði pólitískur og að vekja athygli áður en kastljósinu yrði beint sérstaklega að einstökum þátttakendum og þjóðardögum.

Eftir opnun skálans 1. maí var íslenski skálinn sérstaklega kynntur á fréttamannafundi í listamannahverfi Peking í samstarfi við íslenska sendiráðið. Þar var þess freistað að ná til fleiri kínverskra fjölmiðla en þeirra sem þá þegar höfðu fjallað um Ísland og íslenska skálann og staðsettir voru í Sjanghæ. Áhersla var lögð á hönnun, arkitektúr og þema skálans auk þess sem menningardagskrá íslensku þáttökunnar var kynnt.

Fjölmiðlavíðburðir voru skipulagðir í tengslum við málþing um íslensk ferðamál sem haldið var í Sjanghæ í júnímánuði. Þar sat Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, m.a. fyrir svörum á blaðamannafundi og átaki íslenska ríkisins "Inspired by Iceland" voru gerð góð skil.

Einnig voru skipulagðir fjölmiðlavíðburður vegna tveggja samliggjandi viðburða, orkumálaráðstefnu sem haldin var í íslenska skálanum, og þjóðardags Íslands á heimssýningunni. Þann dag náði íslensk landkynning hámarki en fjölmiðlum var sérstaklega beint að íslenska skálanum og menningardagskrá hans af skipuleggjendum heimssýningarinnar. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var viðstaddir báða þessa viðburði ásamt því að svara fyrirspurnum fjölmiðla á vel sóttum blaðamannafundi í íslenska skálanum. Forseti veitti einnig öllum stærstu fjölmiðlum Kína viðtöl sem og alþjóðlegum fréttaveitum svo sem CNN, Bloomberg og Reuters á meðan á heimsókn hans stóð.



Til að fylgja eftir þeirri miklu fjölmíðlaathygli sem íslenski skálinn naut tóku íslenska þátttakan, Icelandair og Íslandsstofa höndum saman og buðu völdum kínverskum fjölmíðlum í Íslandsferð í byrjun október 2010. Ferðin bar yfirskriftina “Ísland sem áfangastaður fyrir ferðamenn” og meðal miðla voru CCTV - kínverska ríkissjónvarpið, China Daily, Shanghai Morning Post og stærsti vefmiðill Kína um þessar mundir, qq.com. CCTV tók upp átta innslög hér á landi sem sýnd verða í kínversku sjónvarpi en auk þeirra er von á umfjöllunum blaða- og vefmiðla í formi sérstakra greinarskrifa um Ísland ásamt myndbirtingum.

Þess ber að geta að í mars 2010 sendi kínverska fjölmíðlafyrirtækið Shanghai Media Group upptökuteymi til Íslands í samvinnu við íslensku þátttökuna, Icelandair og Íslandsstofu í þeim tilgangi að taka upp 30 mínútna heimildarmynd um Ísland. Tökuliðið dvaldi á landinu í hátt í 2 vikur og var útkoman framar vonum. Heimildarmyndin var sýnd þrí vegis á tveimur sjónvarpsstöðvum Shanghai Media Group ásamt því að haustið 2010 voru teknar upp sýningar á myndinni í afþreyingarkerfum flugvéla China Eastern / Shanghai Airlines, næststærsta flugfélags Kína. Þá ferðuðust tveir kínverskir fjölmíðlahópar til Íslands í kringum áramótin 2009-2010 á vegum samstarfs norrænna þátttökujóða heimssýningaránnar til að kynna sér Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn og nýtingu Íslands á jarðvarma til orkuframleiðslu.


Skráðar fjölmíðlaumfjallanir um íslensku þátttökuna og íslenska skálann í kínverskum fjölmíðlum á tímabilinu 1. sept. 2009 – 31. okt. 2010 eru hátt í 370 talsins. Ætla má að hér sé ekki allt talið þar sem margar fréttaveitir sem fjölluðu um íslensku þátttökuna dreifa efni sínu áfram til minni héraðsbundinna sjónvarpsstöðva og dagblaða. Samkvæmt mati virts kínversks almannatengslafyrirtækis er áætlað verðgildi 368 umfjallana í Kína er um 24 milljónir RMB, sem gera um 408 milljónir íslenskra króna. Séu þær fréttaveitir taldar með sem deila efni sínu með öðrum fjölmíðlum má gera ráð fyrir að sú fjárhæð sé töluvert hærri. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sambærilega umfjöllun um önnur ríki en flest virðist benda til þess að Ísland hafi verið meðal þeirra ríkja sem mest var fjallað um í tengslum við sýninguna.

Í gegnum þátttöku Íslands á heimssýningunni í Sjanghai og það kynningarstarf sem unnið var í tengslum við hana verður að telja að tekist hafi auka verulega þekkingu Kínverja á Íslandi. Athygli fjölmíðla í Kína beindist áður fyrst og fremst að efnahagshruni og náttúruhamförum, við lok verkefnisins var umfjöllunarefnið nánast eingöngu fallegt ferðamannaland og hrein orka.

Hlutverk kynningararmála og “Public Diplomacy” var nokkuð vanmetið í aðdraganda sýningaránnar og byggði það á reynslu frá fyrri heimssýningum. Ef vel er staðið að þátttökunni má í gegnum fjölmíðla ná til margfalt fleiri einstaklinga en þeirra sem heimsækja sjálf sýningarsvæðið. Að þessu sinni tókst vel að sinna þessu hlutverki en það hefði mátt auka áhrifin með því hafa fleira starfsfólk og aukið fjármagn til þessa þáttar. Þegar horft er til framtíðar ber að hafa í huga að athygli fjölmíðla var sérstaklega mikil á þessari heimssýningu og ekki víst að hægt sé að ganga að því sem vísu að álíka umfjöllun fylgi þátttöku í öðrum heimssýningum.



Fréttamfjallanir eftir tegundum





# Menningardagskrá og viðburðir

Kynning á íslenskri hönnun, tónlist, sjónvarpsframleiðslu, myndlist og ljósmyndun var mikilvægur hluti af verkefninu. Haft var samráð við Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar um að fá íslenskt tónlistarfólk til þátttöku í EXPO. Þá fóru fram tvær stórar ráðstefnur á vegum íslensku þáttökunnar auk þess sem fulltrúi Reykjavíkurborgar tók þátt í einu af sjö málþingum heimssýningarinnar um borgarmál, umfjöllunarefni málþingsins var velferðarþjónusta í borgum.

Á þjóðhátiðardegi Íslands 17. júní var í samvinnu við Íslandsstofu boðið til ráðstefnu um íslensk ferðamál í Nordic Lighthouse, norrænni menningarmiðstöð í Sjanghai. Leiddu þar saman hesta sína íslenskir ferðapjónustuaðilar og kínverskar ferðaskrifstofur og fjölmiðlar. Fyrir málþinginu fór Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, sem lagði áherslu á styrk Íslands í ferðamálum og mögulega samvinnu Íslands og Kína á sviði ferðapjónustu. Í tilefnni þjóðhátiðardagsins 17. júní voru KK og hljómsveit með tónleika í sal tónleikahallar heimssýningarinnar, en ætla má að um 500 manns hafi sótt tónleikana.

Í byrjun september var sett upp samsýning fjögurra íslenskra listamanna í norrænu menningarmiðstöðinni, Nordic Lighthouse. Þær voru ljósmyndsýning RAX - *Svipir*, fatahönnun Steinunnar Sigurðardóttur, myndlist og hreyfimyndaverk frá Guðrúnu Kristjánssdóttur og *Hönnunarsýningin* - íslensk samtímahönnun, húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr sem sett var upp í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands. Sýningarnar voru sérstaklega kynntar í listaháskólum og listamiðstöðvum Sjanghai og mikilsvirtum kínverskum hönnuðum og húsgagnaframleiðendum boðið að skoða sýningarnar. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði sýningarnar formlega. Um 30.000 manns fóru gegnum miðstöðina á meðan á sýningunum stóð. Einnig stóð íslenska þátttakan fyrir því að bjóða fjölmiðlum að skoða sýninguna. Í ljósi margra viðburða í Sjanghai á þessum tíma var áhugi minni en vonir stóðu til, þó voru ítarlegar umfjallanir um sýningu Steinunnar og RAX í nokkrum mikilsvirtum blöðum tengdum tísku og ljósmyndun.

Orkumálaráðstefna var haldin í íslenska skálanum 9. september í samvinnu við helstu styrktaraðila íslensku þáttökunnar, Orkuveituna, Landsvirkjun, Faxaflóahafnir og Geysi Green Energy. Forseti Íslands flutti opnunarerindi ráðstefnunnar en hún var þéttsetin 150 embættismönnum, sérfræðingum og fyrirtækjum á sviði orku og jarðrita í Kína en fyrirlesarar voru bæði íslenskir og kínverskir. Meðal þeirra sem sóttu ráðstefnuna voru háttsettir fulltrúar kínverska ríkisins og einstakra fylkja.



Hinn 11. september var þjóðardagur Íslands á heimssýningunni haldinn hátíðlegur, en hverri þátttökubjóð er úthlutaður slíkur dagur af skipuleggjendum sýningarinnar. Forseti Íslands var viðstaddur sérstaka menningardagská íslensku þátttökunnar en í henni fólst m.a. fánahylling og hátíðarathöfn, þar sem píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir lék fyrir gesti.

Í tengslum við þjóðardag Íslands á heimssýningunni komu leikarar Latabæjar til Sjanghæ og heimsóttu kínversk grunnskólabörn í Hongkou-hverfi. Þá var Latibær einnig hluti af menningardagskrá íslensku þátttökunnar á þjóðardeginum og fóru sýningar fram á útisviði fyrir hundruð manna þrátt fyrir rigningu. EXPO veitti Latabæ sérstaka viðurkenningu fyrir framúrskarandi framlag til sýningarinnar og Latibær hefur nú einnig gert samning við kínverska ríkissjónvarpið um sýningar á íslensku barnaefni í Kína.

Til stóð að tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds yrði með tónleika á þjóðardegi Íslands á sama sviði en vegna veðurs neyddust skipuleggjendur til að afboða tónleikana að beiðni tónlistarmannsins. Ólafur Arnalds og strengjasveit léku hinsvegar fyrir móttökugesti innandyra í íslenska skálanum. Ólafur nýtti ferð sína til Asíu og hélt fleiri tónleika í Kína í samstarfi við umboðsmenn sína þar, auk nokkurra tónleika í Kóreu.

Í samstarfi við íslensku þátttökuna kom hljómsveitin Bang Gang fram á einu af útisviðum heimssýningarinnar 8. október með Barða Jóhannsson tónlistarmann í fararbroddi. Bang Gang hélt í framhaldinu í tónleikaferð um Kína.

Í stóru verkefni sem þessu er hætta á því að viðburðir á borð við tónleika og sýningar séu ofmetnir. Í ljósi mikils fjölða viðburða á heimssýningum eru miklar líkur á að áhugaverðir viðburðir týnist í fjöldanum. Íslenska þátttakan í samstarfi við útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar reyndi að horfa til þess að tónlistarviðburðir sem settir voru upp á EXPO ættu sér framhaldslíf s.s. með tónleikum listamannanna í öðrum borgum eða nágrennalöndum og þjónuðu hlutverki í markaðssetningu listamannanna í Asíu.

#### **Helstu viðburðir íslensku þátttökunnar:**

- Kynning á ferðaþjónustu á Íslandi (17/6)
- Tónleikar KK (17/6 og 18/6)
- Ráðstefna um sjálfbæra orkuframleiðslu (9/9)
- Sýningar RAX, Steinunnar Sigurðardóttur, Guðrúnar Kristjánsdóttur og Hönnunarmiðstöðvar (10/9)
- Sýningar Latabæjar (10/9 og 11/9)
- Tónleikar Tinna Þorsteinsdóttur (11/9)
- Tónleikar Ólafs Arnalds (11/9)
- Þátttaka í ráðstefnu um velferðarþjónustu í borgum (5/10 til 7/10)
- Tónleikar Bang Gang (8/10)




## Fjármál og rekstur

Kostnaður við þáttöku Íslands í heimssýningunni EXPO 2010 var upphaflega áætlaður 620 m.kr. miðað við gengisforsendur fjárlaga 2008, miðað við gengi í lok árs 2010 eru það um 904 m.kr. Í janúar 2009 var þáttakan endurmetin og kostnaðaráætlun lækkuð niður í 210 m.kr. Uppreknuð kostnaðaráætlun miðað við gengi í lok árs 2010 er því um 306 m.kr. Þar af lögðu styrktaraðilar til um 77,5 m.kr. í peningum, vörum og þjónustu. Þegar tekið hefur verið tillit til gengisbreytinga og sölu á búnaði er verkefnið innan fjárhagsáætlunar.

Brugðist var við skertum fjárhheimildum með því að auka mjög allt aðhald í rekstri og minnka umfang sýningarinnar. Einnig var álag á starfsmenn aukið, viðburðum fækkað og leitað leiða til að halda þá með minni tilkostnaði. Leitað var eftir vildarkjörum á vörum og þjónustu, hart var gengið eftir því að rukka fyrir hverja þá þjónustu sem starfsmenn veittu fyrirtækjum og öðrum aðilum.

Gerð var tilraun til að afla tekna með sölu minjagripa og varnings sem merktur var skálanum. Salan skilaði um 2 m.kr. í tekjur. Það var þó niðurstaðan að ekki hefði verið hægt að standa að umfangsmeiri sölustarfsemi í skálanum þar sem lager og aukinn starfsmannakostnaður hefðu ekki skilað sér til baka og verslun því væntanlega rekin með tapi.

Stærstu útgjaldaliðir verkefnisins voru starfsmannakostnaður, hönnun og framleiðsla efnis, verklegar framkvæmdir og tækjabúnaður. Samanlagt nam þessi kostnaður um 87% af heildarkostnaði.





## Starfsmannamál

EXPO sýningarsvæðið var opíð frá 8.30 á morgnana til 21.30 á kvöldin og skálar þátttökuþjóða frá 9.00 til 21.00, eða í um 12 tíma á dag alla þá 183 daga sem sýningin var opin.

Við skipulagningu þátttöku Íslands var gert ráð fyrir 4 stöðugildum á skrifstofu: Framkvæmdastjóra, viðskiptafulltrúa sem jafnframt hafði umsjón með starfsmannahaldi, bókara sem jafnframt annaðist skjalasafn og ritara sem einnig annaðist túlkun úr kínversku. Á lokastigum undirbúnings var ákveðið að bæta einnig við almannatengslafulltrúa sem jafnframt annaðist stjórnun viðburða.

Gert var ráð fyrir 9 stöðugildum leiðsögumanna á þremur tveggja til þriggja manna vöktum. Þessi störf voru auglýst á Íslandi og leitast var við að ráða starfsfólk sem talaði kínversku og var reynt að stilla launakjörum þannig að einstaklingar á íslenskum vinnumarkaði ættu kost á að sækja um.

Strax og heimssýningin hófst var ljóst að ásókn í skálann yrði meiri en gert hafði verið ráð fyrir og auka þyrfti öryggisgæslu. Gestafjöldi og flæði í gegnum skálann krafðist minnst fjögurra starfsmanna á hverri vakt og tveggja til viðbótar á annatínum. Til að mæta þessari þörf var ákveðið að endurskoða vaktir þannig að fleira starfsfólk væri í skálanum yfir háannatíma sem og að bæta við tveimur kínverskum aðstoðarkonum og öryggisvörðum.

Samtals störfuðu því að jafnaði um 18 manns í íslenska skálanum í þremur starfshópum: Á skrifstofu (5), leiðsögumenn (9) og aðstoðarfólk (4). Við þetta bættust starfsnemar sem störfuðu í skálanum í nokkrar vikur í senn.

Af starfsnemum ber helst að nefna íslenskunema við háskóla Peking. Í þeim hópi eru 16 nemar og hver og einn þeirra starfaði í þrjár vikur og gekk í störf leiðsögumanna. Starfsnámið var tækifæri fyrir nemana til að kynnast Íslendingum, íslensku og Íslandi.

Þjálfun starfsmanna miðaðist við að gera þá reiðubúna til að sinna öryggishlutverki við gæslu skálans, neyðarhjálp, upplýsingagjöf og síðast en ekki síst að sýna gestrisni. Þar að auki var farið ítarlega í starfsvenjur á sviði protókolls ásamt námskeiðum og fyrirlestrum um viðskipti í Kína, stjórnmalatengsl Íslands og Kína, ferðapjónustu á Íslandi, efnahagsmál o.s.frv. Kínverski rauði krossinn hélt námskeið í neyðarhjálp og skipuleggjendur sýningaránnar héldu upplýsingafundi og buðu til vettvangsferða til að efla kunnáttu opinberra leiðsögumanna.

Aldurs-, þjóðernis-, og kynjaskipting starfsmanna íslenska skálans var nokkuð jöfn. Aldursskipting var frá 18 til 63 ára. Helmingur starfsmanna var upprunninn í Kína og helmingur á Íslandi, allir höfðu þeir þó þekkingu á Íslandi og gátu tjáð sig á kínversku. Helmingur starfsmanna var konur og helmingur karlar.



## Norræn samvinna

Náið og gott samstarf var meðal Norðurlandanna á sýningunni og voru skálar allra landanna voru á sama torginu innan EXPO-svæðisins. Fulltrúar landanna hittust ársfjórðungslega í aðdraganda sýningarinnar til að skipuleggja samstarfsverkefni og deila upplýsingum. Eftir að sýningin hófst voru samráðsfundir haldnir mánaðarlega.

Norræna ráðherraráðið lagði til 5 m.dkr. til samnorrænna verkefna sem tengdust EXPO. Stærsta verkefnið var átak í að kynna Norðurlöndin sem ferðamannasvæði í Kína, um helmingur fjárveitingarinnar fór til þessa verkefnis. Meðal annarra verkefna má nefna kynningu á norrænni kvíkmyndagerð, norrænni hönnun, norrænum landslagsarkitektúr, matvælaöryggi á Norðurlöndum, norrænar lausnir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa og kynning á norrænu velferðarkerfunum.

Aðalræðisskrifstofa Dana í Sjanghæ stóð fyrir rekstri norrænnar menningarmiðstöðvar utan EXPO-svæðisins. Miðstöðin bar heitið Nordic Lighthouse og þar fóru fram fjöldi norrænna viðburða, m.a. fjórar íslenskar sýningar og ferðamálaráðstefna. Þess má geta að Össur stoðtæki voru einn styrktaraðila miðstöðvarinnar.

Norræna samstarfið var íslensku þáttökunni mikill styrkur og stuðningur, bæði hvað varðar þekkingu á ýmsum hlutum tengdum þáttökunni auk þess sem Ísland varð meira áberandi í gegnum þáttöku í norrænum verkefnunum.





# Árangur og lærdómur

Undirbúningur og rekstur gekk framar vonum. Samstarf framkvæmdastjórnar og samráðshóps á Íslandi var gagnlegt og skilvirk. Kínversk stjórnvöld greiddu götu íslensku þátttökunnar en stuðningur þeirra var ein af forsendum verkefnisins. Vinnandi og framlag starfsmanna í íslenska skálanum var framúrskarandi. Alls heimsóttu 2,3 milljónir íslenska skálann og þratt fyrir mikið álag sem fylgdi þessum fjölda gekk reksturinn stóráfallalaust. Rekstur var innan fjárhagsáætlunar.

Áhugi íslenskra fyrirtækja á viðskiptum í Kína er mikill og endurspeglarist hann í fjölda viðskiptajónustubeiðna sem verkefninu bárust. Í flestum tilfellum var hægt að verða við óskum fyrirtækjanna. Mikilvægt var að þjónustuframboð væri víðtækt og sveigjanleiki til staðar til að mæta mismunandi þörfum. Stuðningur og samstarf fjölda fyrirtækja við þátttökuna gaf þeim aðkomu og eignarhald í verkefninu. Tengsla- og upplýsingaöflun var umfangsmikil á meðan á sýningunni stóð og töluverður fjöldi viðskiptaverkefna varð til. Verkefninu verður fylgt eftir með því að aðstoðarframkvæmdastjóri íslensku þátttökunnar hefur verið ráðinn til starfa við sendiráð Íslands í Peking.

Heimssýningin reyndist vera kjörið tækifæri til að vekja athygli fjölmörla á Íslandi. Reynt var að verða við öllum fjölmöldafyrirspurnum en á móti kom að líttíl tími gafst til eigin kynningarviðburða. Í fyrstu var kastljósinu beint að neikvæðum fréttum af Íslandi en þegar á leið snerist umræðan yfir á áherslur íslensku þátttökunnar sem voru sjálfbær orkuframleiðsla, spennandi áfangastaður ferðamanna og skapandi greinar. Tækifæri til enn frekari umfjöllunar voru til staðar en getu skorti til að nýta þau.

Þratt fyrir mikla fjarlægð milli landanna tveggja og lítið ráðrúm til fjárhagslegs stuðnings, lögðust margir íslenskir listamenn á eitt við að gera menningardagskrá þátttökunnar sem áhugaverðasta. Heimssýningar eru mikil menningarveisla og því ekki auðvelt að fanga athygli fjöldans. Líklega má draga þann lærdóm af þátttökunni í Sjanghai að til að ná árangri með menningarviðburð þarf bjóða fram eitthvað einstakt eða heimsþekkt.

Þátttaka í heimssýningum tengist samskiptum við viðkomandi ríki. Að þessu sinni var lögð rík áhersla á það af hálfu Kínverja að vinabjóðir tækju þátt í þessum mikla viðburði sem þeir stóðu fyrir. Einnig voru aðstæður í Kína mjög sérstakar þar sem um nýjan markað er að ræða og íbúa sem ekki hafa átt þess kost að kynnast erlendri menningu. Það er því ljóst að samskonar pólitískar, viðskiptalegar og menningarlegar aðstæður eru ekki alltaf til staðar þar sem heimssýningar eru haldnar.

Það er ljóst að heimssýningar eru barn síns tíma og spurning um ávinning af þátttöku í öðrum löndum en Kína. Það er því ljóst að skýrar forsendur verða að vera fyrir þátttöku og þær verða miðast við beinan ávinning í viðskiptum eða á öðrum sviðum. Þátttaka viðskiptaaðila í fjármögnun og skipulagningu verður að vera lykilatriði ef af frekari þátttöku Íslands í heimssýningum á að verða.

